

VESTURLANDSDEILD, sími 93-7197

Unnið fyrir
Veiðifélagið
Laxinn


STAÐARHÓLSÁ OG HVOLSÁ
NIÐURSTÖÐUR HREISTURSRANNSÓKNA 1986

SIGURÐUR MÁR EINARSSON

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-V/87014



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

BORGARNESI, mars 1987

VMST-V/87014

STADARHOLSA OG HVOLSA

NIDURSTODUR HREISTURSRANNSOKNA 1986

1. INNGANGUR

Hér verður greint frá niðurstöðum rannsókna á hreisturssýnum teknum af laxi úr Staðarhólsá og Hvoltsá árið 1986. Í ánni er stunduð hafbeitt í tengslum við stangveiði, þannig að sjógönguseiðum er árlega sleppt í ána og kynþroska lax síðan fangaður í gildru neðst í ánni og sleppt upp fyrir þannig að stangveiðin nýtur góðs af. Einnig mun sumaröldum seiðum hafa verið sleppt í ána.

Helstu markmið rannsókna var að meta hlutfall laxa af eldisuppruna í þeim sýnum sem bárust.

2. URVINNSLA

Alls bárust sýni af 86 lögum. Þar af voru 16 sýni af klaklaxi, en önnur sýni voru flest tekin dagana 1. og 14. ágúst. Alls reyndist unnt að aldursgreina 66 fiska. Seiði af eldisuppruna (sjógönguseiði) voru aðgreind frá náttúrulegum fiski eftir aldri og hreistursmynstri.

3 NIDURSTODUR

Eins árs lax úr sjó var uppistaða sýnanna (84.8%) (Tafla 1), en tveggja ára fiskur 13.7%. Einn lax (1.5%) hafði dvalið 3 ár í sjó. Fjöldi laxa eftir sjávaraldri, endurspeglar hugsanlega ekki þann fjölda fiska sem í ána gekk, þar sem hreisturssöfnun fór aðallega fram í ágúst og september. Tveggja ára fiskur er yfirleitt snemmgenginn og þarf því að safna hreistri jafnt og þétt yfir veiðitímabilið til að söfnun sýna endurspeglgi gönguna. Þrjú fiskar voru að koma í annað sinn til hrygningar (4.5%).

Aldur laxanna í ferskvatni var frá 1-5 ár (Tafla 1). Af þeim voru alls 55 fiskar (83.3%) taldir af eldisuppruna (sjógönguseiði), þ.e. laxar með 1-2 ára ferskvatnsdval. Ekki mun hafa verið sleppt tveggja ára gönguseiðum í ána (Ólafur Skúlason, munnl. uppl.). Hreistur laxa sem sýndu 2 ársmerki í hreistrinu var mjög líkt hreistri laxa með 1 ársmerki og er hugsanlegt að þau seiði hafi dvalið einu ári lengur í ánni en ætlað var og því farið út ári síðar en ráð var fyrir gert.

Eldri seiði (3-5 ára) eru talin af náttúrulegum uppruna. Þó er hugsanlegt að hluta þeirra megi rekja til sleppinga á sumaröldum laxaseiðum. Þessi athugun getur ekki skorið úr um það. Afla þarf sýna af vaxtarmynstri sleppiseiða og náttúrulegra seiða til að slíkt sé framkvæmanlegt.

4. UMRÆDA

Bæta þarf söfnun hreisturs í Staðarhólsá og Hvolsá ef ætlunin er að nota það til aðgreiningar á fiski af eldisuppruna frá náttúrulega stofninum. Einnig væri nauðsynlegt að afla sýna bæði af náttúrulegum uppruna og eldisuppruna til að auka öryggi rannsókna. Á það skal þó bent að merkingar sjógönguseiða eru lang öruggastar í þessu markmiði, þar sem ætíð felst nokkur óvissa í aldursgreiningu hreisturs.

TAFLA 1

ALDURSSAMSETNING OG KYNJAHLUTFALL LAXA ÚR STADARHOLSA OG
 HVOLSA SAMKVÆMT GREININGU HREISTURSSYNA
 (OK=ÖKYNGREINT)

FERSK VATNS- ALDUR	<u>1 AR</u>				<u>2 AR</u>				<u>3 AR</u>				FJ. N	FJ. %
	HÆ	HR	OK	ALLS	HÆ	HR	OK	ALLS	HÆ	HR	OK	ALLS		
1	13	9	7	29	2	1	1	4	0	0	0	0	33	50.0
2	9	10	0	19	0	1	2	3	0	0	0	0	22	33.3
3	1	1	0	2	0	0	0	0	0	0	1	1	3	4.5
4	0	1	1	2	0	1	1	2	0	0	0	0	4	6.1
<u>5</u>	<u>2</u>	<u>1</u>	<u>1</u>	<u>4</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>4</u>	<u>6.1</u>
FJ.(N)	25	22	9	56	2	3	4	9	0	0	1	1	66	
FJ.(N)	84.8				13.7				1.5				100.0	